

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða

### **Svar við fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um hleðslustöðvar fyrir rafbíla í miðborginni**

Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, skrifstofu umhverfisgæða, hefur borist fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um hleðslustöðvar fyrir rafbíla í miðborginni dags. 25. febrúar sl. Beðist er velvirðingar á hve dregist hefur að svara fyrirspurninni.

Umhverfis- og skipulagssvið vinnur að uppsetningu hleðslustöðva við bílastæði á borgarlandi skv. samkomulagi Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur. Samkomulagið er þrjúþætt:

- Uppsetning hleðslustöðva á 32 stöðum á borgarlandi og lóðum þjónustustofnana borgarinnar sem nýtast starfsfólki, þjónustugegum og íbúum í nágrenni. Þessu verkefni er lokið, samtals 164 hleðslustæði. Meðfylgjandi er kort sem sýnir staðsetningar þessara stöðva, merkt hleðslustöðvar í rekstri hjá ON.
- Uppsetning hleðslustöðva á 20 stöðum á ári í þrjú ár á borgarlandi þar sem leitast verður við að þjónusta þá sem ekki hafa stæði á lóð og leitað verði eftir tillögum að staðsetningum hjá íbúum. Þetta verkefni er í gangi, óskað var eftir tillögum frá íbúum í nóvember og desember sl. og bárust 297 tillögur. Búið er að velja fyrstu 20 staði og framkvæmdir hafnar. Meðfylgjandi er kort sem sýnir þessa staði, merkt hleðslustöðvar á áætlun 2022.
- Styrkir til fjöleignarhúsa til uppsetningar á hleðslustöðvum fyrir rafbíla.

Árið 2018 voru settar upp hleðslustöðvar við götustæði og í bílastæðahúsum Bílastæðasjóðs á 11 stöðum í Miðborginni, samtals 64 hleðslustæði. Meðfylgjandi er kort sem sýnir staðsetningar þessara stöðva.

Unnið er að fjölgun hleðslustöðva í bílastæðahúsum Bílastæðasjóðs þ.a. hleðslutenglar verði við 10% stæða í bílastæðahúsunum í lok árs 2022. Hleðslutenglar verða þá við 116 stæði í bílastæðahúsum Bílastæðasjóðs. Samkvæmt ákvörðun umhverfis- og heilbrigðisráðs skal stefnt að því að árið 2025 verði hleðslutenglar við 20% stæða í bílastæðahúsum Bílastæðasjóðs.

Á fundi borgarráðs þann 6. janúar 2022 var lögð fram tillaga borgarstjóra, dags. 4. janúar 2022, um málsmeðferð fyrir tillögur starfshóps um hröð orkuskipti í Reykjavík. Ein tillagnanna er að:

*Skipulagðar verði þrjár lóðir í borginni sem ætlaðar eru fyrir hraðhleðslustöðvar, 5-10 hraðhleðslustöðvar á hverri lóð, og þær boðnar út. Greint verði hvort og að hversu miklu leyti þurfi að búa lóðirnar innviðum, með stuðningi borgarinnar, áður en þær eru boðnar út svo rekstur hraðhleðslustöðva á þeim verði arðbær. Á lóðunum verði gott aðgengi leigubíla að hraðhleðslu tryggt.*



Reykjavíkurborg

Skipaður hefur verið starfshópur á Umhverfis- og skipulagssviði til að vinna að tillögunni en í skilgreiningu hlutverki hópsins segir:

*Hlutverk hópsins er að skipuleggja þrjár lóðir í borginni undir hraðhleðslustöðvar. Lóðirnar verði boðnar út. Ein þessara lóða verði í eða nærri miðborginni og þjóni þá helst leigubílum, íbúum og gististöðum sem ekki eiga stæði á lóð. Hinar verði staðsettar í úthverfum nærri Suðurlands- eða Vesturlandsvegi og þjóni þá m.a. þeim sem leið eiga út á land.*

Virðingarfyllst,

Guðmundur Benedikt Friðriksson  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Skrifstofa umhverfisgæða

Hjálagt:

- Kort af hleðslustöðvum sem reknar eru af ON skv. samkomulagi Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur
- Kort af hleðslustöðvum sem eru á áætlun 2022
- Kort af hleðslustöðvum í miðborginni sem reknar eru af Reykjavíkurborg